



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ



UTL

ÚTLENDINGASTOFNUN
ICELANDIC DIRECTORATE OF IMMIGRATION

Samstarfssamningur innanríkisráðuneytisins og Útlendingastofnunar um vinnslu umsókna um ríkisborgararétt

1. Samningsaðilar

Innanríkisráðuneytið, Sölvhólsögötu 7, Reykjavík, kt. 461010-0400 og Útlendingastofnun, Skógarhlíð 6, Reykjavík, kt. 670269-6399.

2. Markmið

Markmið samnings þessa er að Útlendingastofnun taki við og annist fyrir innanríkisráðuneytið umsóknir erlendra ríkisborgara um íslenskan ríkisborgararétt og aðra umsýslu sem ráðuneytið ella hefur með höndum í því skyni að undirbúa ákvarðanir um umsóknir og aðrar ákvarðanir sem ráðuneytið tekur á grundvelli laga nr. 100/1952 um íslenskan ríkisborgararétt.

Í samningnum felst því að Útlendingastofnun tekur á móti og vinnur umsóknir um ríkisborgararétt samkvæmt ákvæðum samnings þessa og veitir ennfremur upplýsingar og annast leiðbeiningar um vinnslu umsókna og annað sem varðar framkvæmd laganna samkvæmt samningi þessum. Jafnframt er útlendingastofnun falið að undirbúa fyrir ráðuneytið umsagnir sem sendar verða til Alþingis, skv. II. kafla laganna.

Útlendingastofnun tekur þó ekki ákvörðun um veitingu eða synjun ríkisborgararéttar en það hlutverk er á hendi innanríkisráðuneytis sbr. lög nr. 100/1952 um íslenskan ríkisborgararétt.

Innanríkisráðuneytið fer með framkvæmd laga nr. 100/1952 um íslenskan ríkisborgararétt og er í forsvari gagnvart Alþingi, öðrum stjórnvöldum og erlendum ríkjum. Fyrirspurnum sem kunna að berast Útlendingastofnun er varða framangreint skal áframsenda til ráðuneytisins.

3. Vinnsla umsókna hjá Útlendingastofnun

Útlendingastofnun skal birta á vefsíðu sinni leiðbeiningar og nauðsynleg eyðublöð fyrir umsækjendur um ríkisborgararétt ásamt því að hafa leiðbeiningar og eyðublöð aðgengileg í afgreiðslu stofnunarinnar.

AN
RM



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ



ÚTLENDINGASTOFNUN
ICELANDIC DIRECTORATE OF IMMIGRATION

Útlendingastofnun skal taka við umsóknum og innheimta gjald í samræmi við lög nr. 88/1991 um aukatekjur ríkissjóðs, auk þess að taka við öðrum erindum sem berast á grundvelli laga um ríkisborgararétt eftir því sem við á.

Útlendingastofnun fer yfir fyrirbyggjandi gögn um ríkisborgararétt og gerir tillögu að niðurstöðu vegna umsókna og annarra ákvarðana sem taka ber á grundvelli samnings þessa til ráðuneytisins. Útlendingastofnun sendir ráðuneytinu tillögu að ákvörðun ásamt greinargerð um forsendur tillögunnar, en meðferð skjala er að öðru leyti nánar skilgreind í leiðbeiningum sem ráðuneytið setur. Ráðuneytið hefur rafrænan aðgang öllum skjölum sem stofnunin meðhöndlar eða vinnur á grundvelli samnings þessa og vistuð eru í málaskrárkerfi stofnunarinnar (Erlendi).

Útlendingastofnun veitir upplýsingar og leiðbeinir umsækjendum og öðrum þeim, sem eftir því leita, um framkvæmd laganna og þau réttindi sem þau veita að uppfylltum skilyrðum. Stofnunin kemur kvörtunum sem kunna að berast vegna afgreiðslu stofnunarinnar á grundvelli samnings þessa á framfæri við tengilið ráðuneytisins svo fljótt sem verða má.

Ráðuneytið og Útlendingastofnun vinna sameiginlega ferlalýsingar fyrir einstök verkefni sem stofnuninni er ætlað að sinna á grundvelli þjónustusamnings þessa.

Útlendingastofnun tryggir að viðfangsefni samkvæmt samningi þessum verði faglega og skipulagslega aðskilin frá þeim verkefnum sem stofnunin sinnir að öðru leyti á grundvelli laga um ríkisborgararétt. Útlendingastofnun gætir trúnaðar vegna gagna og upplýsinga sem hún aflar í umboði ráðuneytisins vegna samnings þessa.

4. Vinnsla umsókna hjá innanríkisráðuneyti

Innanríkisráðuneytið áframsendir umsóknir um ríkisborgararétt sem ráðuneytinu kunna að berast eftir 1. maí 2013 til Útlendingastofnunar til vinnslu samkvæmt 3. gr. samnings þessa.

Innanríkisráðuneytið ber ábyrgð á veitingu eða synjun umsóknar og er ekki bundið af þeirri tillögu sem Útlendingastofnun leggur fyrir ráðuneytið.

Þegar innanríkisráðuneytið hefur tekið ákvörðun í máli er niðurstaðan send aðila máls í pósti og jafnframt er afrit sent til Útlendingastofnunar.

Innanríkisráðuneytið annast þjálfun nýrra starfsmanna Útlendingastofnunar sem taka að sér verkefni á grundvelli samningsins.



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ



ÚTLENDINGASTOFNUN
ICELANDIC DIRECTORATE OF IMMIGRATION

5. Tengiliðir og samstarf

Hvor aðili um sig skal tilnefna tengilið til að annast samstarf og álitæfni sem upp kunna að koma vegna vinnslu umsókna. Tengiliðir skulu reglulega fara yfir tölfraði er varðar vinnslu mála á grundvelli samnings þessa og verkferla.

6. Kostnaður

Innanríkisráðuneytið greiðir Útlendingastofnun fjárhæð vegna samnings þessa sem samsvarar hálfu stöðugildi annars vegar lögfræðings og hins vegar ritara frá undirritun samningsins til 1. október 2013, en sem samsvarar heilu stöðugildi annars vegar lögfræðings og hins vegar ritara frá 1. október 2013 til áramóta. Samtals greiðir ráðuneytið stofnuninni því 7.200.000 kr. á árinu 2013 vegna þjónustusamningsins.

Innanríkisráðuneytið greiðir Útlendingastofnun jafnframt fyrir nauðsynlegan stofnkostnað vegna breytinga á tölvukerfi Útlendingastofnunar og kaupa á búnaði. Samtals nemur framlag ráðuneytisins vegna þessa þáttar 1.000.000 kr.

7. Gildistaka og uppsögn

Samningur þessi tekur gildi hinn 1. maí 2013 og skulu báðir samningsaðilar kynna nýtt verklag á sínum vefsíðum og eftir atvikum í fjölmiðlum. Samningur þessi gildir til 31. desember 2013 og er uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara af beggja hálfu.

Reykjavík, 26. apríl 2013


Ragnhildur Hjaltadóttir


Kristín Völundardóttir